

**Fundargerð 376. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 13. nóvember 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Sandra B. Franks, formaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fjarverandi:

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjaraviðræður
 - Staðan
4. Opnunartími á skrifstofu félagsins
5. Félagsaðild fagfélaga
6. Aðalfundur deilda
 - Formannsskipti
7. Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF), formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ), setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fram kom að Kristín Ólafsdóttir varaformaður yrði fjarverandi vegna utanlandsferðar.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT), ritari SLFÍ, gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Kjaraviðræður

- SBF gerði grein fyrir að búið væri að ganga frá drögum að samkomulagi við SNR um styttingu vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki þ.s. mögulegt er með ákveðinni aðferðafræði að stytta vinnuvikuna um 4 klst. Umræður eru í gangi við SNS og Reykjavíkurborg um svipaða útfærslu, en allt hangir þetta á að samkomulag náist um styttingu vinnuviku vaktavinnufólks og að ekki verði krafist fórna á áður áunnum réttindum. Kjaramálanefnd SLFÍ hefur fengið kynningu á drögnum.

- Farið var yfir að breyting yrði á orlofi vegna laga/reglna um bann við mismunun á grundvelli aldurs. SNR fer fram á að sjálfkrafa bæting (25%) á orlof utan orlofstíma falli niður.
- Fram kom að á næstu samningafundum verði málefni vaktavinnufólks rætt.
- Kjaramálanefnd SLFÍ hefur ekki fundað með neinum viðsemjanda á meðan öll orka hefur farið í styttingu vinnuvikunnar.
- „Aðgerðahópur“ BSRB lagði til að félög innan BSRB tækju þátt í auglýsingaherferð þar sem hvatt er til styttingar vinnuvikunnar og auglýsa átti á ruv og Bylgjunni. Auglýsingar voru útbúnar af SLFÍ, Sameyki og BSRB og þau félög auglýstu, en önnur félög innan BSRB ekki.
- Í gangi eru auglýsingar á netinu/facebook síðum félaga með myndum af félagsmönnum stéttarfélaga innan BSRB þ.s. störfum er lýst og áhuga fyrir styttingu vinnuvikunnar. Áfram verður keyrt á netmiðla með auglýsingar, en útvarpsauglýsingar hvíldar a.m.k. tímabundið.

4. Opnunartími á skrifstofu félagsins

SBF fór yfir að núverandi opnunartími á skrifstofu félagsins hefur verið breytilegur eftir árstíðum. Opið er frá 8:00 til 16:00 frá 15. maí til 15. september, sími opnar ekki fyrr en kl. 9:00 og lokaður í ½ tíma í hádegi. Yfir vetrartímam er opið frá 9:00 til klukkan 17:00, sími er lokaður í ½ tíma í hádegi og lokar kl. 16:00, sem gefur starfsmönnum ákveðin vinnufrið. Málið rætt og ákveðið að skoða það frekar.

5. Félagsaðild fagfélaga í SLFÍ

SBF fór yfir forsögu fagfélagsaðildar og rætt um að fara skuli nánar yfir aðildarreglurnar.

6. Aðalfundur deilda

SBF fór yfir að aðalfundir væru búnir í ákveðnum svæðisdeildum félagsins og væru væntanlegir á næstu dögum í öðrum. Í einhverjum deildum hafi orðið skipti á stjórnarmönnum og m.a. í Reykjavíkurdældinni. Jóhanna Traustadóttir, sem hefur verið formaður deildarinnar í 15 ár lét af störfum á síðasta aðalfundi og vildi SBF nýta tækifærið og þakka henni sérstaklega fyrir frábær störf í þágu félagsins/deildarinnar því það væri ómetanlegt fyrir stéttarfélög að eiga traust fólk í forsvari. Það sama ætti við um Jónu Jóhönnu Sveinsdóttur, sem lét af störfum sem gjaldkeri deildarinnar, en sem betur fer nýtur félagið áfram krafta þeirra þ.s. þær eru báðar áfram í framkvæmdastjórn SLFÍ.

Fram kom að frá deildunum væru að berast ársskýrslur þessa dagana að loknum aðalfundum.

7. Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember

Farið var yfir að hver svæðisdeild fyrir sig skipuleggi ákveðnar uppákomur á hverjum stað/svæði fyrir sig. JT gerði grein fyrir að eitthvað af „handoutinu“ væri komið í hús innflytjanda og restin kæmi í síðasta lagi 20. nóvember og hafa þyrfti hraðar hendur við að koma því til allra deilda, þannig að það væri hægt að dreifa því á Evrópudeginum. JT sagði að pantað hefði verið gleraugnaþrifaklútar, minntur, endurskinsmerki, servíettur og vatnsbrúsar.

Önnur mál

- JJS fór yfir að beiðni hafi komið frá forsvarsfólki Suðurlandsdeildar um viðbótarfjárframlag. Málið rætt og ákveðið að bæta við framlagið þetta ár.

Fundi slitið kl. 17.40